

ÍSAFJARÐARBÆR

Aðalskipulag Ísafjarðar 1989-2009

Jarðgöng

**Breyting á aðalskipulagi
Greinargerð og umhverfisskýrsla**

Júlí 2007



Samþykktir

AÐALSKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM AUGLÝST HEFUR VERIÐ SKV.

18. GR. SKIPULAGS- OG BYGGINGARLAGA NR. 73/1997 VAR SAMÞYKKT

Í BÆJARSTJÓRN ÞANN _____.

AÐALSKIPULAGSBREYTING ÞESSI VAR AFGREIDD AF

SKIPULAGSSTOFNUN TIL STAÐFESTINGAR UMHVERFISRÁÐHERRA

ÞANN _____.

AÐALSKIPULAGSBREYTING ÞESSI VAR STAÐFEST AF

UMHVERFISRÁÐHERRA SKV. 19. GR. SKIPULAGS- OG

BYGGINGARLAGA NR. 73/1997 ÞANN _____.

AÐALSKIPULAG ÞETTA ER STAÐFEST MEÐ FYRIRVARA UM NIÐURSTÖÐUR

MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM ÞEIRRA FRAMKVÆMDA SEM HÁÐAR ERU

MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM SAMKVÆMT LÖGUM NR. 106/2000.

1. Samantekt

Leiðarljós skipulagsbreytingarinnar er að auka öryggi vegfarenda og bæta samgöngur á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Á núverandi vegi er hætta á aurskriðum og grjóthruni allt árið um kring, snjóflóðum yfir veturinn og telst því vegurinn ekki viðunandi m.t.t. öryggis. *Markmið* skipulagsbreytingarinnar er að finna nýja leið á milli þéttbýliskjarnanna og þar með auka öryggi vegfarenda og áreiðanleika samgangna. Vegagerðin hefur skoðað nokkrar mögulegar leiðir og gert úttekt á áhrifum vegabreytinga á umhverfi, samfélag og efnahag. Þau gögn eru lögð til grundvallar í þessari aðalskipulagsbreytingu, sem er unnin samkvæmt skipulags og byggingarlögum nr. 73 / 1997 m.s.b. og lögum um umhverfismat áætlananna nr. 105 / 2006. Aðalskipulagsbreytingin tekur til þjóðveggar 61 í Hnífsdal og nær að sveitarfélagsmörkum Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur.

Helstu breytingar á landnotkun verða þessar:

- Gert er ráð fyrir nýju vegstæði þjóðveggar 61 á um 2,5 ha fyllingu neðan byggðar í Hnífsdal og svo áfram í jarðgöngum að sveitarfélagsmörkum við Bolungarvík. Núverandi vegur um þéttbýlið verður safnvegur.
- Við gangamunnann minnkar svæði sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakra nota. Þess í stað er gert ráð fyrir þjóðvegi 61, efnistökusvæði (haugsetningu) og óbyggðu svæði.

2. Gögn

2.1. Tengsl við aðrar áætlanir

- Aðalskipulag Ísafjarðar 1989-2009
- Aðalskipulag Bolungarvíkur 1980-2000
- Samgönguáætlun 2003-2014
- Samgönguáætlun 2005-2008
- Byggðaáætlun fyrir Vestfirði – unnin af sveitarfélögum á Vestfjörðum 2002
- Velferð til framtíðar – stefnumörkun stjórnvalda til 2020
- Mat á hættu vegna ofanflóða í Hnífsdal

2.2. Önnur skipulagsgögn

- Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 1989-2009. Jarðgöng – júlí 2007 – Mkv. 1:5000. Breyting á aðalskipulagi.
 - Gildandi skipulag, staðf. 31.10.1990 m.s.b.
 - Breytt skipulag

2.3. Umsagnir

Óskað var eftir umsögnum Umhverfisstofnunar, Fornleifaverndar ríkisins, Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar í júlí 2007 um skipulagstillöguna. Fornleifavernd ríkisins, Vegagerðin og Siglingastofnun gerðu ekki athugasemdir við tillöguna. Umhverfisstofnun gerði tvær athugasemdir. Annars vegar taldi stofnunin að fjalla þyrfti nánar um áhrif fyrirhugaðrar landfyllingar vegna færslu þjóðveggar 61


neðan byggðar í Hnífsdal. Hins vegar leggur stofnunin áherslu á að samráð verði haft við stofnunina um hönnun og frágang efnistökusvæða.

3. Umhverfismat valkosta

Í dag liggur þjóðvegurinn á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar undir Óshyrnu, Arafjall og Búðarhyrnu. Mörg ofanflóð og grjótt hafa fallið á veginn þrátt fyrir að tilraunir hafi verið gerðar til að verja veginn fyrir slíkum flóðum og hruni. Markmið breytingarinnar er að finna nýja leið á milli þéttbýliskjarnanna og þar með auka öryggi vegfarenda og áreiðanleika samgangna.

Vegagerðin hefur skoðað fimm mögulegar leiðir og í framhaldi af því gert nánari úttekt á þremur þeirra. Þessar þrjár leiðir, auk valkostsins að aðhafast ekkert, eru metnar hér. Sú leið sem hefur ákjósanlegustu áhrifin á umhverfið m.t.t. efnahagslegra, félagslegra og náttúrulegra þátta verður valin. Þessar leiðir eru:

- I. *0 kostur*: Áfram verði unnið að eflingu varnavirkja með sama hætti og áður. Heildarlengd milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar er áætluð um 13,6 km
- II. *Seljadalsleið*: Um 3,8 km göng á milli Seljadals og Óss ásamt tengingu við núverandi veg. Heildarlengd milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar er áætluð um 12,8 km.
- III. *Skarfaskersleið*: Um 5,1 km göng á milli Skarfaskers og Óss ásamt tengingu við núverandi veg. Heildarlengd milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar er áætluð um 12,1 km.
- IV. *Hnífsdalsleið*: Um 3,9 km göng á milli Hnífsdals og Syðridals ásamt nýjum vegum í Hnífsdal og Syðridal. Heildarlengd milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar er áætluð um 13,6 km.



Leiðirnar sem skoðaðar eru í aðalskipulagsbreytingunni. (Loftmyndir ehf.).

3.1. Núverandi staða

ANDRÚMSLOFT

Núverandi vegur á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur er um 14 km. Ökutæki sem fara þessa leið menga andrúmsloftið, m.a. með losun gróðurhúsalofttegunda við bruna jarðefnaeldsneytis. Mengunin er í hlutfalli við fjölda bíla og ekna kílómetra.

ATVINNULÍF OG EFNAHAGUR

Lítill atvinnustarfsemi er í næsta nágrenni hugsanlegra vegstæða. Engu að síður hefur óviðunandi áhætta vegfarenda um Óshlíð og óáreiðanlegar samgöngur neikvæð áhrif á sveitarfélögin á svæðinu. Hefur þetta takmarkað möguleika fyrirtækja og sveitarfélaga til samvinnu og gert íbúum svæðisins, einkum Ísafjarðar og Bolungarvíkur, erfitt að sækja vinnu sem krefst ferða um Óshlíð. Áætlað er að um helmingur ferða milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar tengist vinnu.

Vegagerðin hefur metið kostnað þeirra mögulegu leiða sem fjallað er um hér:

- Skerfaskersleið: 4.270 m.kr.
- Seljadalsleið: 3.810 m.kr.
- Hnífsdalsleið: 3.570 m.kr.

Efnahagvöxtur á Vestfjörðum hefur verið minni en í flestum öðrum landshlutum. Öruggar og hraðar samgöngur eru grundvallaratriði til að efla atvinnulíf og treysta búsetu á Vestfjörðum. Um þetta er fjallað í Vaxtarsamningi Vestfjarða og fleiri skýrslum sem fjalla um atvinnu- og byggðamál svæðisins.

EIGNIR

Stór hluti íbúðarbyggðar í Hnífsdal verður í næsta nágrenni vegar, verði Hnífsdalsleið fyrir valinu. Mun færri íbúðarhús eru við vegstæði Skarfaskersleiðar eða Seljadalsleiðar. Hesthúsabyggð Hnífsdælinga er í næsta nágrenni gangamunnans á Skarfaskersleið.

Óöruggar samgöngur um Óshlíð, með tilheyrandi kvöðum, hafa einnig áhrif á fasteignaverð og eftirspurn eftir fasteignum. Fasteignaverð í Hnífsdal er talsvert hærra en í Bolungarvík en heldur lægra en á Ísafirði.

GRÓÐUR OG DÝRALÍF

Gróður

Gróður á hugsanlegum áhrifasvæðum fyrirhugaðra vegstæða er talsvert mikill m.t.t. tegundafjölbreytni og gróðurlendis. Við gróðurathuganir á svæðinu hafa ekki fundist sjaldgæfar plöntur eða plöntur sem þarfnast sérstakrar verndar. Mest af því votlendi sem fer hugsanlega undir vegi hefur áður verið ræst fram og notað til beitar.

- Hnífsdalur:

Ferlaufungur er alfriðuð planta sem finnst á svæðinu. Berjalýngsbrekkur eru ofan við hugsanlegan veg í Hnífsdal. Neðar eru grasbrekkur og mýrlendi. Í dalnum hefur talsvert land verið framræst. Samkvæmt athugun Náttúrustofu Vestfjarða er fjaran í Hnífsdal brimsöm hnulungafjara og klapparfjara en ofar er graslendi. Hnulungafjaran er að mestu þörungalaus, en á klöppum neðar er skúfþang. Í klapparfjörinni er purpurahimna efst en skúfþang neðar og söl á blettum. Neðri hluti fjörunnar er minna raskaður eins og búast má við í brimsamri fjöru. Gróðurinn

einkennist af sáningum í vegköntum og graslendi. Ofan fjörunnar er auk þess er að finna lófót, lindadúnurt, gerðaplöntur, háliðagras og melgresi.

- Syðridalur og Ós:

Eggvívlaðka hefur fundist í Syðridal og í Skutulsfirði. Plantan er alfriðuð en finnst í öllum landshlutum. Á milli ósbæjanna er einkum ræktað land. Þar eru einnig tjarnir sem þorna á sumrum og uppgræðslusvæði með melgresi og grösom. Í Syðridal eru tún, ræktað land og framræsluskurðir. Mikið er um klófífu, gulstör, hrossanál, skriðsóley og berjalyng. Syðridalsvatn nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. Náttúruverndarlaga.

Dýralíf

Núverandi leið um Óshlíð liggur í stórbrotnu landslagi þar sem er að finna fjölbreyttan gróður og mikið fuglalíf. Leiðin hefur þannig sett mark sitt á fugla og gróður þó svo að mat á þeim áhrifum liggi ekki fyrir.

- Hnífsdalur:

Alls gætu verið 16 tegundir í varpi inni í Hnífsdal, þar af 8-10 tegundir mjög líklegar. Áhrif breytingar vegarins eru talin lítil sem engin á Skarfaskeri og Seljadal.

- Syðridalur og Ós:

Talsvert fuglalíf er við tjarnir við gamla flugvöllinn. Alls hafa sést 28 tegundir á svæðinu og þar af eru 16 varptegundir eða tegundir líklegar til varps. Talsvert fuglalíf er í tjörnum frá golfvelli inn að Geirastöðum, einkum fyrri hluta sumars og á vorin. Sjaldgæfir fuglar á Syðridalsvatni eru himbrimi og gulönd, en þeir verpa þó nær örugglega ekki á svæðinu. Um 30 tegundir eru á þessu svæði, þar af 22 í varpi.

HEILSA

Í dag er áætlað að 617 bílar fari þessa leið á degi hverjum. Áætlað er að sú tala muni hækka upp í 1000 með tilkomu nýrra ganga. Hávaðamengun í dag á þessu svæði er undir viðmiðunarmörkum samkvæmt reglugerð um hávaða nr. 933/1999. Í Hnífsdal liggur vegurinn nálægt byggðinni með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á íbúa svæðisins. Í Bolungarvík fer vegurinn ekki í gegnum byggð en framhjá bæjunum Ósi og Fremriósi.

ÍBÚAÞRÓUN

Íbúum í Hnífsdal hefur fækkað jafnt og þétt síðustu ár skv. tölum frá Hagstofu Íslands. Lengst af voru íbúar Hnífsdals yfir 300 talsins en frá aldamótum hefur þeim fækkað jafnt og þétt. Í dag eru rétt yfir 250 íbúar í Hnífsdal. Íbúum Bolungarvíkur hefur einnig fækkað jafnt og þétt síðustu ár. Í kringum 1990 voru íbúar Bolungarvíkur um 1200 en eru undir 900 í dag.

Góðar samgöngur eru undirstaða fyrir þróun byggðar og atvinnulífs. Áhættan af því að aka um Óshlíð daglega til vinnu hefur verið metin óásættanleg, þrátt fyrir að sveitarfélög á svæðinu og íslensk stjórnvöld líti á Ísafjörð og Bolungarvík sem eitt atvinnusvæði. Margir hafa veigrað sér við að ráða sig í vinnu þar sem að aka þarf um Óshlíð til að sækja hana. Því er ljóst að lélegar samgöngur á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar hafa haft áhrif á íbúapróun svæðisins. Aukin áreiðanleiki og öryggi mun auka lífsgæði fólks á svæðinu, m.a. með auknum samskiptum sem tengjast atvinnusókn og fleiri þáttum.

LANDSLAG

Núverandi leið um Óshlíð liggur í stórbrotnu landslagi og hefur breytt ásýnd Óshlíðar eins og sjá má frá sjó. Úr Óshyrnu, Arafjalli og Búðarhyrnu hafa verið skráð mörg snjóflóð og einnig er vitað um grjóthrun. Ekki er vitað um sérstæðar jarðmyndanir á svæðinu. Fjöruheildin í Hnífsdal er mikið röskuð.

MENNINGARMINJAR

Í Hnífsdal og Seljadal eru fornminjar sem skoða þarf betur, verði ráðist í framkvæmdir þar. Vettvangskönnun leiddi í ljós að í Hnífsdal eru sennilega 32 minjastaðir á svæðinu. Á Hnífsdalsleið og Seljadalsleið geta einhverjar minjar verið í hættu en ekki eru neinar minjar taldar í hættu á Skarfaskersleið. Í fjörunni neðan byggðar í Hnífsdal var verstöð fyrr á öldum. Fyrri framkvæmdir á svæðinu hafa með öllu fjarlæggt minjar um búsetu og engar líkur eru á að fornminjar leynist þar.

Í Bolungarvík hafa fundist heimildir um 56 minjastaði á þeim löndum sem hugsanleg vegstæði liggja um og við vettvangskönnunum árin 1996 og 1997 fundust 45 minjastaðir.

SAMGÖNGUR OG ÖRYGGI

Núverandi vegur frá Ísafirði til Bolungarvík er um 14 km og þar af eru tæpir 9 km frá Hnífsdal til Bolungarvíkur. Niðurstöður rannsókna benda til þess að einstaklingsáhættan fyrir þá sem fara daglega þessa leið um Óshlíð, sé óviðunandi vegna grjóthruns og snjóflóða. Frá árinu 1997 hefur Vegagerðin skráð að meðaltali um 20 snjóflóð á ári yfir Óshlíðarveg. Uppi í brún Óshyrnunnar er sprunga sem vikkar nú um 2 mm á ári. Talið er að stykki úr fjallinu geti hrúnið niður í einu lagi á næstunni, brotni bergið um sprunguna. Slíkt hrun myndi ógna veginum. Grjóthrun hefur ekki verið skráð kerfisbundið. Snjóflóð og aurskriður koma úr Óshyrnu, Arafjalli og Búðarhyrnu. Áhætta vegfarenda á þessum vegarköflum hefur verið metin og er nánar fjallað um hana í matstöflunni.

Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar neðst í giljum til varnar ofanflóðum og hrúni, t.d. með skápum, þiljum og grjótkössum. Þessi mannvirki eru þó ekki hönnuð til að stöðva öll flóð. Víða á Óshlíð er bratt frá veginum og niður í sjó og eykur það dánarlíkur þeirra sem lenda í ofanflóðum eða grjóthruni. Gefnar eru út viðvaranir frá lögreglu vegna grjóthruns eða snjóflóða. Veginum er auk þess stundum lokað af sömu ástæðu. Vegurinn er því ekki aðeins óöruggur heldur einnig mjög óáreiðanlegur.

Könnun á samgöngum og ferðavenjum bendir til að hátt hlutfall vegfarenda á Vestfjörðum upplifi skriðuföll og snjóflóð, hálfu, veðurlag, og víðsjárverða vegi sem áhættuþætti sem eiga við daglega að vetralagi. Vegfarendur um Óshlíð upplifa talsvert óöryggi sem þannig skerðir lífsgæði þeirra og hefur áhrif á þróun byggðar og atvinnulífs sem og fleiri athafnir manna.

ÚTIVIST

Í Hnífsdalsá er stunduð einhver bleikjuveiði. Hnífsdalur utan byggðar er talsvert notaður af íbúum til útivistar. Í Ósá og Syðridalsvatni í Bolungarvík er jafnframt stunduð veiði.

VATN

Núverandi vegur liggur yfir læki sem renna til sjávar úr fjalllendinu ofan vegar.

Innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar framkvæmdar eru tvær ár, Hnífsdalsá í Hnífsdal og Ósá í Syðridal í Bolungarvík og eitt stöðuvatn, Syðridalsvatn í Bolungarvík. Veiði er í báðum ánum og í vatninu eins og fram kom hér að ofan.

ÞJÓNUSTA

Skipulagsbreytingin mun hafa hverfandi áhrif á þjónustu á svæðinu sem breytingin nær til, enda er þar lítil þjónusta. Óöruggar og ótryggar samgöngur hafa hins vegar haft neikvæð áhrif á þjónustustig Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Um 25% vegfarenda Óshlíðar fara þar um vegna verslunar og skóla.

3.2. Umhverfismat

Matstafla

Valkostir Umhverfisþættir	Leið I. 0-kostur		Leið II. Seljadalsleið		Leið III. Skarfaskersleið		Leið IV. Hnífsdalsleið	
	0/-0	0/-0	-0	-0	-0	-0	-0	-0
Andrúmsloft	0	0	-0	-0	-0	-0	-0	-0
Atvinnulíf og efnahagur	-	---	+	++ /+S	++	+++ /+S	++	+++ /+S
Eignir	-	---	+	++	++	+++	+	+++
Gróður og dýralíf	-0	-0	-0M	-0M	-0M	-0M	--0M	--0M
Heilsa	-	0	+M/-S	-/-S	+M/-S	-/-S	--	0
Íbúabróun	-	---	+	++	++	+++	++	+++
Landslag	-0	-0	--0	--0	--0	--0	---0	---0
Menningarminjar	0	0	-	0	0	0	--	-?
Samgöngur og öryggi	--	---	++	++	+++?	+++?	+++?	+++?
Útivist	0	0	-	-	-	-	--	--
Vatn	0	0	--M	--M	--M	--M	--M	--M
Þjónusta	-	---	+	++	++	+++	++	+++

0	Óveruleg áhrif	S	Skammvinn áhrif
+	Jákvæð áhrif	Ó	Óafturkræfar framkvæmdir / breytingar
++	Talsverð jákvæð áhrif	M	Mótvægisáðgerðir
+++	Mjög jákvæð áhrif	?	Óvissa
-	Neikvæð áhrif	:	Áhrif í nágrannasveitarfélagi
--	Talsverð neikvæð áhrif		
---	Mjög neikvæð áhrif		

Skýringar á niðurstöðum í matstöflu

Umhverfisþættir	Skýringar
Andrúmsloft	Með göngum mun umferð aukast og þar með mengun. Ekki er teljandi munur á áhrifum leiða II, III og IV þar sem gert er ráð fyrir svipaðri umferð og lengd leiðar er svipuð í öllum tilvikum. Áhrifin eru langvarandi og óafturkræf. Engin breyting mun verða ef leið I verður fyrir valinu.
Atvinnulíf og efnahagur	Verði leið I fyrir valinu verður áhættan áfram óásættanleg. Leiðir II, III og IV hafa allar svipuð áhrif. Leið II liggur þó undir Búðarhrynu þar sem hættu á grjóthruni og snjóflóðum hefur verið metin. Ekki liggur hins vegar fyrir tölulegt mat á áhættu leiða II, III og IV. Leiðir II, III og IV munu allar efla atvinnulíf því þá verður auðveldara að sækja vinnu á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Jafnframt aukast tækifæri fyrir tækja og sveitarfélaga til þróunar og samvinnu. Bætt atvinnulíf rennir styrkari stöðum undir efnahag svæðisins.

	Til skamms tíma geta áhrif framkvæmda verið jákvæð fyrir atvinnulífið.
Eignir	Leið I mun ekki breyta þróun fasteignamarkaðar. Leiðir II, III og IV eru líklegar til að hafa jákvæð áhrif á fasteignamarkað í Hnífsdal. Leið III mun hafa jákvæðust áhrif, enda áhætta vegfarenda að öllum líkindum minni en í leið II . Líklegt er að nálægð leiðar IV við íbúðarbyggð dragi úr jákvæðum áhrifum hennar á eignir í Hnífsdal. Íbúar við Stekkjargötu munu upplifa neikvæð áhrif verði leiðir II eða III valdar þar sem vegurinn mun færast nær íbúðum þar og skerða aðgengi að fjörunni. Breytingarnar verða hins vegar jákvæðar fyrir íbúa við Heggna (þjóðveg 61), enda er færsla vegarins mótvægisáðgerð til að minnka neikvæð áhrif aukinnar umferðar á íbúa Hnífsdals.
Gróður og dýralíf	Verði leið I fyrir valinu verða ekki breytingar á gróðurfari frá því sem nú er. Framkvæmdin mun ekki hafa mikil áhrif á tegundir á valista. Leiðir II og III munu leiða til haugsetningar við gangamunna. Fyrirhugað haugsvæði við Skarfasker er þegar raskað svæði. Samkvæmt athugun Náttúrustofu Vestfjarða er fjöruheildin í Hnífsdal mikið röskuð þar sem grjótvörn er á stórum hluta hennar. Áhrif á gróður á þessu svæði teljast því ekki mjög neikvæð. Gera má ráð fyrir að nokkur áhrif verði á votlendi, einkum með leið IV þar sem meira land færi undir veg og við það tapaðist nokkuð af framræstu votlendi. Beita má mótvægisáðgerðum með því að moka ofan í framræsluskurði. Votlendissvæðin sem geta raskast eru minni en 3 ha og njóta þau því ekki sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Leið I mun ekki breyta fuglalífi svæðisins frá því sem nú er. Veglagning vegna leiða II, III og IV mun hafa áhrif á varp- og fæðuleitarsvæði fugla, einkum við Ósá, Syðridalsvatn og við gamla flugvöllinn í Bolungarvík. Jafnframt mun losun efnis í sjó hafa áhrif á fæðustöðvar sjófugla. Framkvæmdir munu ekki hafa áhrif á fugla sem eru á valista, sem þó finnast á svæðinu.
Heilsa	Leið I mun ekki hafa breytingar í för með sér. Áhrif leiða II og III á hljóðvist verða lítil enda fer umferðin nú þegar í gegnum Hnífsdal. Aukin umferð, úr 617 bílum á dag í 1000 bíla á dag, mun þó auka hljóðstig án þess þó að ná viðmiðunarmörkum jafngildishljóðstigs reglugerðar 933/1999. Mótvægisáðgerðir felast í því að leggja veginn niður með sjó. Við það færast þó vegurinn nær íbúðarhúsum við Stekkjargötu. Verði leið IV valin mun stærri hluti byggðar verða fyrir áhrifum aukins hljóðstigs. Jafngildishljóðstig verður einnig undir viðmiðunarmörkum í íbúabyggð verði leið IV fyrir valinu. Gera má ráð fyrir óþægindum fyrir íbúa í Hnífsdal á framkvæmdartíma í leiðum II, III og IV , einkum leið IV . Áhrifa á framkvæmdartíma í Bolungarvík myndi helst gæta við bæinn Fremriós verði leiðir II og III fyrir valinu. Áhrif vegna leiðar IV yrðu minni í Bolungarvík.
Íbúapróun	Leið I mun ekki leiða til áreiðanlegri og öruggari samgangna og því áfram hafa neikvæð áhrif á íbúapróun í Hnífsdal. Leiðir II, III og IV munu leiða til áreiðanlegri og öruggari samgangna og þannig hafa jákvæð áhrif á þjónustu, atvinnulíf og íbúapróun. Leiðir III og IV munu hafa jákvæðust áhrif þar sem þær teljast öruggastar. Líklegt er þó að nálægð leiðar IV við íbúðarbyggð dragi úr jákvæðum áhrifum hennar á íbúapróun í Hnífsdal.
Landslag	Leið I mun ekki hafa neinar breytingar í för með sér. Verði hins vegar ráðist í gerð jarðganga þarf að haugsetja talsvert magn umframefnis auk þess sem vegir munu hafa sjónræn áhrif. Leið IV mun hafa neikvæðust áhrif á landslag þar sem um er að ræða lengstu vegalagninguna, um lítt raskað svæði bæði í Hnífsdal og Syðridal. Í Syðridal þyrfti vegurinn að skera Syðridalsvatn sem er ein landslagsheild. Í Hnífsdal yrði fylling einnig talsvert áberandi. Gangamunnar og haugsetning verða einnig að öllum líkindum mest áberandi samkvæmt leið IV þó svo að afgangsefni sé minna en með leiðum II og III . Leiðir II og III munu hafa mest áhrif við gangamunna, einkum verða skeringar og fyllingar áberandi við Ós.

	Mest afgangsefni fellur til verði leið II farin. Áhersla verður lögð á að láta haugstæði falla sem best að landslaginu, með samvinnu við Umhverfisstofnun. Leið II mun einnig hafa neikvæð áhrif á ásýnd fjörunnar í Hnífsdal vegna landfyllingar.
Menningarminjar	Leið I mun ekki hafa neinar breytingar í för með sér og því ekki valda spjöllum á fornminjum. Hugsanlegt er að fornminjar séu í hættu í Seljadal í Ísafjarðarbæ, þ.e. á leið II . Fornminjar í Hnífsdal eru ekki taldar í hættu verði leið III farin. Fornleifar eru í hættu í Hnífsdal verði leið IV valin. Ekki er vitað um fornleifar í hættu í Bolungarvík vegna framkvæmda leiða II og III . Verði leið IV valin er talið að ein rúst sé í hættu í Bolungarvík. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemst stofnunin að þeirri niðurstöðu að leið III sé besti jarðgangakosturinn m.t.t. fornleifa en leið IV sá lakasti. Skipulagsstofnun telur að komast megi hjá neikvæðum áhrifum á menningarminjar við fyrirhugaðar framkvæmdir, óháð hvaða leið verður valin.
Samgöngur og öryggi	Leið I mun ekki tryggja ásættanlegt öryggi vegfarenda um Óshlíð. Leið II liggur frá Seljadal og undir Búðarhyrnu en þar hafa árlegar dánarlíkur einstaklinga vegna snjóflóða og grjóthruns verið metnar einn þriðji af dánarlíkum einstaklinga sem fara undir Arafjall og um einn sjötti af dánarlíkum þeirra sem fara undir Óshyrnu. Þar er hins vegar fyrirhugaður vegskáli. Líklegt má telja að vegfarendur upplifi ekki sama öryggi og með lengri göngum, sbr. leiðir III og IV sem fara í göngum undir Búðarhyrnu. Tölulegt mat á áhættu þessara þriggja leiða liggur ekki fyrir og því erfitt að segja hvaða leið er öruggust þó svo að allar muni þær stórbæta öryggi vegfarenda og áreiðanleika samgangna. Hér er gert ráð fyrir að leiðir III og IV séu öruggari en leið II .
Útivist	Leið I mun ekki hafa breytingar í för með sér. Verði leiðir II eða III fyrir valinu mun fjaran í Hnífsdal ekki verða eins aðgengileg og áður. Lögð verður áhersla á að aðgengi að fjörunni verði áfram tryggt. Hluti af æfingarsvæði golfvallarins í Bolungarvík mun einnig skerðast. Vegalagning um Hnífsdal, samkvæmt leið IV mun skerða verulega útivistarmöguleika í dalnum. Einnig mun stærð og gildi Syðridals og Syðridalsvatns sem útivistarsvæðis minnka.
Vatn	Leið I mun ekki hafa í för með sér breytingar. Leiðir II og III munu hafa áhrif í Hnífsdal því vegurinn verður færður niður að sjó og mun þannig raska strandlínunni þar, eins og fjallað var um í kafla um gróður. Einnig verða áhrif á Ósá, m.a. vegna brúar- og ræsagerðar. Talið er að þær breytingar muni ekki hafa mikil áhrif á lífríki Ósár. Ekki liggur fyrir hvaða áhrif það mun hafa. Verði leiðir II eða III farnar þarf að færa vatnsból við bæina Ós og Fremriós. Verði leið IV valin mun vegurinn liggja um Syðridalsvatn á fyllingu. Talið er að áhrif á veiði í vatninu verði lítil. Jafnframt mun þessi valkostur hafa áhrif á Hnífsdalsá vegna brúar- og ræsagerðar. Talið er að áhrifin muni hafa lítil áhrif á lífríki árinna. Til að minnka áhrif brúa- og ræsagerðar verður lögð áhersla á, í samræmi við tilmæli Landbúnaðastofnunar, að brýr og ræsi verði nægilega löng til þess að straumur hamli ekki fiskgengd.
Þjónusta	Leið I mun ekki hafa breytingar í för með sér og þannig hafa neikvæð áhrif á þjónustu á svæðinu. Leiðir II, III og IV munu hins vegar með öruggari og áreiðanlegri samgöngum bæta þjónustustig, m.a. með tilliti til verslunar og skólasóknar á svæðinu. Leiðir III og IV munu hafa meiri jákvæð áhrif en leið II , þar sem öryggi og áreiðanleiki þeirrar leiðar verður minna en hinna tveggja.

3.3. Niðurstaða

Leið I, þ.e. að viðhalda núverandi vegi, hefur neikvæð áhrif á samfélagið en óveruleg áhrif á náttúrulega þætti. Leið II mun bæta mikið samgöngur á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á samfélagið á svæðinu. Hins vegar má

vænta meiri samfélagslegs ávinnings verði leiðir III og IV fyrir valinu samfara auknu öryggi og áreiðanlegri samgangna í samanburði við leið II. Fyrir vikið verða jákvæð áhrif á atvinnlíf, efnahag, eignir, íbúapróun og þjónustu einnig meiri í leiðum III og IV. Hins vegar liggur ekki fyrir tölulegt mat á áhættu á þessum leiðum og því erfitt að meta hvor kosturinn er betri m.t.t. öryggis. Áhrif leiðar IV á gróður, dýralíf, heilsu, landslag, menningarminjar og útivist eru heldur neikvæðari í samanburði við leiðir II og III. Til mótvægis við áhrif aukinnar umferðar um Hnífsdal lagði Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar til þann 3.4.2007 að vegurinn í Hnífsdal yrði færður niður fyrir byggðina.

Leið III er því besti kosturinn af þessum fjórum til að framfylgja markmiði aðalskipulagsbreytingarinnar. Reynt verður að tryggja með mótvægisáðgerðum að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst, sbr. matstöfluna. Til að lágmarka umhverfisáhrif verður haft verður samráð við viðeigandi stofnanir um nánari útfærslu við framkvæmdir, í samræmi við athugasemdir þeirra.

4. Breytingar á aðalskipulagi

4.1. Landnotkun

SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagsbreytingin tekur til svæðis á norð-vestur mörkum gildandi skipulags. Stærstur hluti fyrirhugaðra ganga liggur utan gildandi skipulags, enda tekur það ekki til alls sveitarfélagsins. Breytingartillagan tekur til alls þess svæðis sem færsla vegarins nær til, allt að sveitarfélagsmörkum Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur. Vestast afmarkast svæðið af óbyggðu svæði en fylgir núverandi þjóðvegi að sunnanverðu að hafnarsvæði Hnífsdalsbryggju. Að norðanverðu liggur skipulagssvæðið að sjó.

SAMGÖNGUR

Gert er ráð fyrir að þjóðvegur 61 verði settur í um 5.130 m löng göng frá Skarfaskeri að Ósi í Bolungarvík skv. niðurstöðu umhverfismats áætlunarinnar. Gangamunninn verður staðsettur í um 20 m.y.s. og 200 m norð-vestan við hesthúsabyggðina í Hnífsdal. Gert er ráð fyrir að lengd vegskála verði um 160 m.

Eins og fram kemur að ofan er gert ráð fyrir að umferð muni aukast úr um 617 bílum í 1000 á dag. Núverandi vegur liggur mjög nálægt íbúðarbyggð og mun því aukin umferð auka mjög álag á þá byggð. Sem mótvægisáðgerð er gert ráð fyrir að færa veginn út fyrir þéttbýlið á um 1 km löngum kafla. Gert er ráð fyrir að nýr vegur liggi meðfram ströndinni, en tengist núverandi vegi við vesturenda hafnarsvæðis austast á skipulagssvæðinu. Að hluta til verður vegurinn á fyllingum en gert er ráð fyrir að efni úr göngunum verði nýtt í fyllingar sem verði um 2,5 ha að stærð. Gert er ráð fyrir að vegurinn þveri Hnífsdalsá með um 7 m langri brú.

Gert er ráð fyrir að Hólavallavegur framlengist að nýja veginum og að núverandi vegur um þéttbýlið verði safnvegur sem tengist þjóðveginum austan við íbúðarbyggðina.

EFNISTÖKUSVÆÐI

Við gangamunnan er gert ráð fyrir haugstæði fyrir umframefni vegna gangagerðar. Svæðið er skilgreint sem *efnistökusvæði*. Gert er ráð fyrir að 50 þús. m³ efnis verði haugsettir á 1,5 ha. svæði norðvestan hesthúsabyggðarinnar. Gert er ráð fyrir að frágangur svæðisins verði í samræmi við kynningu Vegagerðarinnar á framkvæmdinni. Jafnframt er gert ráð fyrir að um 90 þús. m³ verði settir í sjóinn fyrir utan Skarfasker (utan skipulagssvæðis). Samráð verður haft við Umhverfisstofnun um hönnun og frágang efnistökusvæða.

OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Gert er ráð fyrir að *opið svæði til sérstakra nota* minnki úr 5 ha í 3 ha og nái aðeins að fyrirhuguðu efnistökusvæði. Í gildandi skipulagi er svæðið ætlað fyrir hesthúsabyggð en svæðið er á hættumatssvæði C og því er ekki gert ráð fyrir fleiri byggingum þar. Á framkvæmdatíma ganganna má búast við talsverðu ónæði við hesthúsabyggðina.

SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ – HÆTTUMATSSVÆÐI

Þekkt snjóflóðasvæði er undir Búðarhyrnu vestast á skipulagssvæðinu. Hættumat vegna ofanflóða í Hnífsdal var gefið út af Hættumatsnefnd árið 2003 og er sýnt á uppdrætti. Matið náði til byggðarinnar og hesthúsahverfisins. Miðað er við svokallaða staðaráhættu sem er skilgreind sem árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrktu einbýlishúsi. Matið á því ekki við um dánarlíkur vegfarenda en sýnir þó að áhætta er til staðar.

ÖNNUR SVÆÐI

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á öðrum svæðum, þ.e. *athafnasvæði*, *svæði fyrir þjónustustofnanir* og *hafnarsvæði*, enda er heildarenduskoðun aðalskipulags Ísafjarðarbæjar í vinnslu.

4.2. Frekari skipulagsvinna

Fyrirhuguð framkvæmd var tilkynnt Skipulagsstofnun 21. febrúar 2007 skv. 6.gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og liðum 10c og 13a í 2. viðauka laganna. Skipulagsstofnun skilaði ákvörðun um matsskyldu 21. júní 2007. Niðurstaða stofnunarinnar var að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Álit stofnunarinnar byggðist m.a. á umsögnum sveitarfélaga og annarra stofnana. Ísafjarðarbær benti á að stærð fyllingarinnar væri undir þeim stærðarmörkum sem skilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum og að færsla vegaririns félli því ekki undir lið 10ii í 1. viðauka laganna um nýja eða enduruppbyggðar stofnbrautir utan þéttbýlis 10 km eða lengri.

Eftir að kynningarskýrsla Vegagerðarinnar á framkvæmdinni kom út í febrúar 2007 lagði Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar til, nánar tiltekið þann 3.4.2007, að þjóðvegur 61 í Hnífsdal yrði færður niður fyrir þéttbýlið til mótvægis við aukinn umferðarpunga eftir veginum. Skipulagsstofnun telur í áliti sínu um aðalskipulagsbreytinguna að framkvæmdin feli í sér breytingu á stofnbraut í þéttbýli og falli því undir lið 13 a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Þar segir að allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, falli undir lögin og beri því að tilkynna til Skipulagsstofnunar.

Ekki er talin þörf á að deiliskipuleggja fyrirhugaðar framkvæmdir skv. 36. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

5. Heimildaskrá

Anton Helgason 2006. Gróðurathugun vegna hugsanlegra jarðganga frá Bolungarvík. Unnið fyrir Vegagerðina á Vestfjörðum. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 10-06.

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2006. Könnun á fuglalífi í Syðridal í Bolungarvík og nærliggjandi svæðum. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 7-06.

Hagstofa Íslands: www.hagstofan.is. Upplýsingar af heimasíðu í júlí 2007.

Harpa Grímsdóttir 2006. Mat á hættu vegna snjóflóða og grjóthruns á vegum á milli Súðavíkur og Bolungarvíkur. Veðurstofa Íslands greinargerð 06002.

Hættumatsnefnd Ísafjarðarbæjar 2003. Hnífsdalur. Hættumatskort. Hættumat vegna ofnaflóða. Veðurstofa Íslands.

Hættumatsnefnd Ísafjarðarbæjar 2003. Mat á hættu vegna ofanflóða í Ísafjarðarbæ. Ísafjörður og Hnífsdalur. Greinargerð með hættumatskortum. Veðurstofa Íslands.

Jón Þorvaldur Hreiðarsson og Valtýr Sigurbjarnarson 2006. Jarðgöng til Bolungarvíkur. Mat á arðsemi og samfélagsáhrifum. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.

Margrét Valdimarsdóttir 2000. Byggð og náttúruvá. Viðhorf íbúa á ofanflóðasvæðum til áhættu og öryggis, með sérstöku tilliti til snjóflóðavarna í Bolungarvík. Greinargerð, byggð á mastersritgerð við Háskóla Íslands.

Ólafur Kristjánsson, Friðgerður Baldvinsdóttir, Gísli Eiríksson og Jón Helgason 2002. Greinargerð vinnuhóps um öryggismál Djupvegur á milli Bolungarvíkur og Súðavíkur. Vegagerðin.

Skipulagsstofnun 2007. Jarðgöng á leiðinni milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Ákvörðun um matskyldu.

Vegagerðin 2006. Jarðgöng á leiðinni Bolungarvík – Ísafjörður. Helstu möguleikar.

Vegagerðin 2007. Jarðgöng á leiðinni Bolungarvík – Ísafjörður. Kynning á framkvæmdinni.

Þorleifur Eiríksson 2006. Áhrif vegagerðar yfir Syðradalsvatn eða Ósá við Bolungarvík. Minnisblað. Náttúrustofa Vestfjarða.

Þorleifur Eiríksson 2007. Minnisblað um haugsetningu umframefnis vegna jarðganga um Óshlíð. Náttúrustofa Vestfjarða.